

## **Reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi**

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að veita árlega styrk/styrki til menningarmála í sveitarfélaginu.

Styrkupphæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs:

Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

- Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi
- Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.
- Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.
- Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskillin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.
- Að umsókn fylgi ósk um styrkupphæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álíts þar til bærra aðila við mat á umsóknum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Flóahreppi 6. febrúar 2013